

AÐ BÚA TIL TENGINGAR

(making connections)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Um aðferðina

Bakgrunnsþekking lesara og meðvitund hans um gildi hennar fyrir lesskilninginn er ákaflega mikilvæg og er nauðsynlegt að kenna nemendum að kalla hana fram og nýta við lestur. Góðir lesarar eru sífellt að bera upplýsingar í texta saman við eigin bakgrunnsþekkingu á efni – þeir eru með öðrum orðum sífellt að búa til tengingar milli sín og textans í því augnamiði að skilja hann. Ungir eða slakir lesarar eru oft ekki meðvitaðir um þessar tengingar og því þarf að vekja athygli þeirra á og kenna þeim að nota þær sér til skilnings við lestur en tengingarnar mynda nauðsynlega brú milli höfundar textans og lesarans.

Talað er um þrjár mismunandi gerðir tenginga:

- Tengingu við eigin þekkingu og reynslu (text-to-self).
- Tengingu við annan texta (text-to-text).
- Tengingu við umheiminn (text-to-world).

Markmið aðferðar

- Að hjálpa nemendum að kalla fram bakgrunnsþekkingu sína.
- Að dýpka skilning nemenda á lesnum texta.
- Að efla samræður milli nemenda um það sem lesið er.

Framkvæmd

Í upphafi er mikilvægt að kennari undirbúi sig vel og velji texta sem hann getur sjálfur tengt vel við. Hann þarf að skrifa niður sínar eigin tengingar við textann og er þannig undirbúinn undir sýnikennslu sem byggir á reynslu hans og þekkingu.

Í upphafi kennslustundar útskýrir kennarinn fyrir nemendum að hann ætli að kenna þeim aðferð sem hjálpi þeim að skilja betur það sem þeir lesa og að aðferðin byggir fyrst og fremst á því að kalla fram minningar og/eða hugrenningatengsl. Þessi tengsl innihalds texta og minninga er það sem auðveldar nemendum skilninginn og gerir textann merkingarbærari fyrir þeim. Mikilvægt er að kennarinn velji texta þar sem hann getur notað allar gerðir spurninganna.

Gott er að notast við eftirfarandi spurningar en kennarinn verður sjálfur að ákveða hvort hann vilji kynna þær áður, nota inn á milli þegar lesið er, eða eftir að hafa lokið lestrinum. Sumir kjósa að hafa spurningarnar sýnilegar í byrjun, sérstaklega ef um eldri nemendur er að ræða.

Tenging við eigin þekkingu og reynslu (text-to-self):

- Minnir þessi saga þig á eitthvað?
- Getur þú sett þig í spor persónu í sögunni?
- Er atriði eða atvik í sögunni sem minnir þig á eitthvað sem hefur komið fyrir þig?

Tenging við annan texta (text-to-text):

- Minnir þetta þig á eitthvað sem þú hefur lesið áður?
- Hvernig er þessi texti líkur öðrum sem þú hefur lesið?
- Hvernig er þessi texti ólíkur öðrum sem þú hefur lesið?

Tenging við umheiminn (text-to-world):

- Minnir þessi texti þig á eitthvað sem hefur gerst í raun og veru?
- Hvernig eru atburðir í þessari sögu líkir atburðum sem hafa gerst á Íslandi/í heiminum?
- Hvernig eru atburðir í þessari sögu ólíkir atburðum sem hafa gerst á Íslandi/í heiminum?

Viðbúið er að það taki nemendur nokkurn tíma að verða meðvitaðir um eigin þankagang meðan á lestri stendur svo það er mikilvægt að þjálfun aðferðar sé ekki hætt of snemma og aðferðin jafnframt rifjuð reglulega upp.

Aðrar útfærslur

Í spjalli: Oft er það einfaldasta áhrifaríkast og eins og í þessu tilviki þá er það að nota aðferðina í spjalli við nemendur á meðan eða eftir að lesið er.

Tveggja dálka glósur: Hér má nýta verkefnið *Að búa til tengingar* sem fylgir aðferðinni.

Merkingar á spássíu: Tilvalið er að nota þessa aðferð þegar eldri nemendur eiga að lesa texta úr námsbók sem þeir þurfa að tengja eigin bakgrunnsþekkingu við efni textans. Nemendum er kennt að nota ákveðnar merkingar eða teikningu fyrir hverja tengingu:

„S“ eða „spegil“ fyrir tengingu við sjálf sig.



„T“ eða „bók“ fyrir tengingu við texta.



„H“ eða „hnött“ fyrir tengingu við umheiminn.



AÐ BÚA TIL TENGINGAR

Petta fær mig til að hugsa um ...
Petta minnir mig á ...

Tenging við eigin þekkingu og reynslu

Litli bangsi (snöktandi):
Það – það hefur einhver
borðað allan grautinn
minn.



Ég man þegar ég var á
leikskóla og gat ekki
hætt að gráta því stelpa
á deildinni minni tók
skálina mína og borðaði
hafragrautinn minn.

Tenging við annan texta

Einu sinni voru þrír þirnisir
sem bjuggu í litlu húsi í
stórum skógi. Þetta voru
Björn pabbi, Birna mamma
og Bangsi litli.



Þetta minnir mig á söguna
sem ég las um grísina þrjá!



Tenging við umheiminn

Dag einn eldaði Birna
mamma handa þeim hafra-
graut í morgunverð ...



Ég veit að mjög margir
elda hafragraut í
morgunverð, a.m.k. á
Íslandi og ég held líka í
sumum öðrum löndum.

AÐ BÚA TIL TENGINGAR

Þetta fær mig til að hugsa um ...

Þetta minnir mig á ...

Tenging við eigin þekkingu og reynslu



Tenging við annan texta



Tenging við umheiminn



Tengingar

Þetta fær mig til að hugsa um ...
Þetta minnir mig á ...

Tenging við eigin þekkingu og reynslu

Minnir þessi saga þig á eitthvað?

Getur þú sett þig í spor persónu í sögunni?

Er atriði eða atvik í sögunni sem minnir þig á eitthvað sem hefur komið fyrir þig?




Tenging við annan texta

Minnir þetta þig á eitthvað sem þú hefur lesið áður?

Hvernig er þessi texti líkur öðrum sem þú hefur lesið?

Hvernig er þessi texti ólíkur öðrum sem þú hefur lesið?



TENGING VIÐ UMHEIMINN

Minnir þessi texti þig á eitthvað sem hefur gerst í raun og veru?

Hvernig eru atburðir í þessari sögu líkir atburðum sem hafa gerst á Íslandi/í heiminum?

Hvernig eru atburðir í þessari sögu ólíkir atburðum sem hafa gerst á Íslandi/í heiminum?

